

## Tilkynning eftir þriðja ársfjórðung 2025

### Afkoma fjárfestingareigna og skráðra hlutabréfa á 3F 2025

Afkoma verðmætustu óskráðu fjárfestingareigna SKEL er í takt við væntingar og þær áætlanir sem hafa verið kynntar á markaði. SKEL flokkar fjárfestingaeignir í eignasafninu annars vegar sem félög á neytendamarkaði og hins vegar sem innviði og félög á fyrirtækjamarkaði. Hér að neðan verður gert grein fyrir afkomu helstu eigna og samanburði við birtar áætlanir félaganna fyrir fyrstu 9 mánuði ársins 2025, samkvæmt stjórnendauppgjörum. Í tilviki Dranga er gert grein fyrir þriðja ársfjórðungi, þar sem samruni átti sér stað 18. júlí sl. og yfirtaka miðast við lok fyrri árshelmingis.

### Neytendamarkaður

*Drangar – Eignarhlutur 70,1%*

| <i>Millj.kr.</i>         | Raun 3F | Áætlun 2025 <sup>1</sup> | Áætlun 2026 | Áætlun 2027 |
|--------------------------|---------|--------------------------|-------------|-------------|
| Framlegð og aðrar tekjur | 6.023   | 19.614                   | 21.610      | 23.015      |
| EBITDA                   | 1.962   | 4.321                    | 8.019       | 8.766       |
| EBIT                     | 970     | -102                     | 3.365       | 3.801       |
| EBITDAaL                 | 1.257   | 1.710                    | 5.426       | 6.100       |

Í framhaldi af sameiningu Orkunnar, Lyfjavalis og Samkaupa í júlí á þessu ári tóku Drangar til starfa. Drangar eru nýtt afl á smásölumarkaði sem samanstendur af áðurnefndum félögum. Yfirstandandi eru fjárfestakynningar vegna hlutafjárukningu Dranga og hafa þær gengið vel. Verð í hlutafjárukningu er 12 kr. á hlut sem samsvarar virði eiginfjár upp á 24,3 ma.kr. Gert er ráð fyrir að hlutafjárukningu ljúki í desember n.k. en Íslandsbanki hefur sölutryggt 2 milljarða í hlutafjárútböðinu. Hluthafar ætla að skrá Dranga á skipulegan verðbréfamarkað fyrir árslok 2027.

Rekstur félaga Dranga gekk heilt yfir vel á þriðja ársfjórðungi 2025 og var aukning í afgangi hjá öllum einingum. Nýliðinn ársfjórðungur er að jafnaði sá besti á árinu. Unnið hefur verið markvisst í því að bæta og styrkja rekstur Samkaupa frá samruna og hafa aðgerðir þegar skilað góðum árangri. Í árshlutauppgjöri SKEL fyrir 1H 2025 kom fram að markmiðið væri að ná fram hagræðingu í rekstri Samkaupa upp á 2,5 - 3 ma.kr. á næstu tveimur árum. Félagið hefur nú þegar náð fram 1,5 ma.kr. afkomubata á ársgrundvelli með lækkun rekstrarkostnaðar, einfaldari rekstri og bættum innkaupum.

*INNO – Eignarhlutur 50%*

| <i>Millj.EUR</i> | 2024/25 12M | 2023/24 12M |
|------------------|-------------|-------------|
| Tekjur           | 296         | 294         |
| EBITDAaL         | 14          | 10          |
| EBIT             | 7           | 2           |

<sup>1</sup> Fjárhagstölur 2025 hafa verið aðlagðar og miðað við áframhaldandi rekstur án áhrifa af einskiptisniðurfærslum, einskiptisafskriftum og öðrum varúðarráðstöfunum sem miðast við 30.6.2025, en með kostnaði vegna starfsloka.

Rekstur INNO er í samræmi við áætlanir stjórnenda félagsins. Rekstrarár félagsins er frá október til september og á rekstrarárinu hefur EBITDAaL félagsins aukist um 40% samanborið við fyrra ár og nemur 14 milljónum evra. Tekjur jukust um 2 milljón evra (+0,7%) og rekstrarhagnaður jókst um 5 milljón evra (+250%) frá sama tímabili á fyrra ári.

## Fyrirtækjamarkaður og innviðir

*Styrkás – Eignarhlutur 45,7%*

| <i>Millj. kr.</i> | Raun 9M | Áætl. 9M |
|-------------------|---------|----------|
| Framlegð          | 7.619   | 7.744    |
| EBITDAaL          | 2.145   | 2.162    |
| EBIT              | 1.902   | 1.908    |

Rekstur Styrkás var í samræmi við áætlun á fyrstu níu mánuðum ársins. Þjónustutekjur Styrkás jukust um 28% milli ára og var góður vöxtur hjá öllum einingum samstæðunnar. Leigutekjur jukust um 12% frá fyrra ári og vöxtur sölutekna nam 6%.

Markaðshlutdeild í sölu á tækjum og búnaði var sterk og er útlit fyrir góðan vöxt í sölu vinnuvéla á árinu. Hlutdeild í nýskráningum vörubíla er enn yfir 50% þótt útlit sé fyrir að sala dragist saman frá fyrra ári sem var metár. Klettur fékk umboð fyrir Merlo skotbómulyftara á fjórðungnum sem breikkar vöruframboð félagsins. Afkoma í þjónustu Kletts var umfram áætlun á fjórðungnum, en á fyrri árshelmingi litaðist afkoman af áskorunum við öflun sérhæfðs starfsfólks og ábyrgðaviðgerða í kjölfar mikillar sölu.

Framlegð í orku- og efnavöru var umfram áætlun fyrstu 9 mánuði ársins. Skeljungur tók yfir rekstur Reykjavíkurflogvallar um áramót og þjónustar 17 flugfélög á Keflavíkurflogvelli. Gjaldprot Play hafði óveruleg áhrif á reksturinn.

Góður gangur var í eignaumsýslu- og leigustarfsemi en Stólpi opnaði á fjórðungnum nýtt athafnasvæði að Gullhelli í Hafnarfirði. Unnið hefur verið markvisst í að kynna lausnir félagsins á markaði og að stærri verkefnum. Það sem hæst ber af þessu ári er afhending nýrrar lögreglustöðvar í Reykjanesbæ og aðstöðusköpun fyrir Landsvirkjun við Hvammsvirkjun.

Afkoma og umsvif félagsins hafa opnað fyrir möguleika á markaðsfjármögnun. Styrkás gaf út skuldabréf fyrir 2,2 ma.kr. í október með 1,5% álagi ofan á 1 mánaða REIBOR vexti. Skuldabréfin verða skráð í kauphöll á fyrri árshelmingi 2026. Skráning skuldabréfs er rökrétt skref í vegferð félagsins en stefnt er að skráningu hlutafjár í kauphöll fyrir árslok 2027.

Síðasta viðskiptaverð milli ótengdra aðila með hlutabréf í Styrkás er 23,63 kr. á hlut. SKEL er eigandi 457.490.847 kr. að nafnverði.

## Gallon – Eignarhlutur 100%

| Millj.kr. | Raun 9M | Áætl. 9M |
|-----------|---------|----------|
| Tekjur    | 483     | 488      |
| EBITDA    | 262     | 241      |
| EBIT      | 105     | 84       |

Rekstur Gallon var lítillega yfir áætlun og hækkar rekstrarhagnaður (EBIT) um 4% á milli ára.

## Afkoma skráðra hlutabréfa

Hagnaður af skráðum hlutabréfum í eigu félagsins nam 0,4 ma.kr. á fjórðungnum. Helstu skráðu hlutabréfastöður í lok fjórðungs voru 2,8 ma.kr. í Skaga og 4,1 ma.kr. í Kaldalóni. Aðrar skráðar hlutabréfaeignir námu 1,9 ma.kr. í lok þriðja fjórðungs.

## Fasteignir

Í fjárfestakynningu með ársuppgjöri 2024 var tilkynnt að á árinu stæði til að hefja sölu á íbúðum SKEL við Stefnisvogi eftir því sem leigusamningar renna út. Um mitt ár var SKEL eigandi að 92 íbúðum í Stefnisvogi að markaðsvirði 9,2 ma.kr. Skuldir á móti fasteignunum nema 6,3 ma.kr. í lok september.

## Greiðslur til hluthafa

Á aðalfundi SKEL þann 6. mars 2025 samþykktu hluthafar að greiða út arð til hluthafa á árinu 2025 vegna rekstrarársins 2024 að fjárhæð 6 ma.kr. og skyldi arðurinn greiddur út í tveimur jöfnum greiðslum. Fyrri hluti arðgreiðslunnar, að fjárhæð 3 ma.kr. eða því sem samsvarar 1,60 kr. á hlut, fór fram þann 20. mars 2025.

Síðari hluti arðgreiðslunnar, sömuleiðis að fjárhæð 3 ma.kr., mun verða greiddur til hluthafa þann 5. nóvember 2025 (útborgunardagur). Réttur hluthafa til arðgreiðslunnar verður miðaður við hlutaskrá félagsins í lok viðskipta þann 14. október 2025 (arðsréttindadagur). Arðleysisdagur, þ.e. sá dagur sem viðskipti hófust með bréf félagsins án réttar til síðari hluta arðgreiðslu var 13. október 2025.

Hluthafafundur félagsins verður haldinn 4. nóvember nk. Öll fundargögn má finna á heimasíðu félagsins: <https://skel.is/hluthafar/hluthafafundur-skel>

Fjöldi hluthafa voru 881 í byrjun árs og voru 972 í lok þriðja ársfjórðungs.

## Fjárhagsdagatal SKEL fjárfestingafélags hf. fyrir árið 2025:

Hluthafafundur: 4. nóvember 2025

Útborgunardagur seinni arðgreiðslu: 5. nóvember 2025

Uppgjör seinni hluta árs 2025 og ársuppgjör 2025: 5. febrúar 2026

Aðalfundur 2026: 5. mars 2026

Nánari upplýsingar veitir Ásgeir Helgi Reykafjörð Gylfason, [fjarfestar@skel.is](mailto:fjarfestar@skel.is)

**Fyrirvari:**

*Í framangreindri fréttatilkynningu er vísað til áætlana og framtíðarhorfa sem eru háðar óvissupáttum og getur þýtt að raunverulegur árangur verði frábrugðinn því sem áætlað er í þessari fréttatilkynningu. SKEL hefur ekki skyldu til að, og mun ekki, uppfæra þessar spár um framtíðarhorfur félagsins til að endurspegla atburði og aðstæður sem eiga sér stað eftir útgáfu þessarar fréttatilkynningar. Það er ábyrgð fjárfestis að reiða sig ekki seinna meir á spár um framtíðarhorfur sem eru settar fram í þessari fréttatilkynningu þar sem þær eiga eingöngu við á þeim tíma sem hún er gefin út. Upplýsingastefna SKEL er aðgengileg á vefsíðu félagsins [www.skel.is](http://www.skel.is) undir „stefnur og reglur“.*